



**FUNDARGERÐ SKÓLARÁÐS FJÖLBRAUTASKÓLANS Í  
GARÐABÆ 3. FUNDUR Á VORÖNN 2014  
MIÐVIKUDAGINN 12. FEBRÚAR KL.12:35**

**1. Bréf o.fl. erindi.**

**A. Umsóknir um leyfi: (sjá minnisblað)**

Afgreiðsla leyfa er send á netföng nemenda hér í skólanum.

Skólaráð ítrekar að leyfi eru ekki gefin vegna ferða nema um sé að ræða keppnisferðir á vegum íþróttafélaga og/eða námsferða en bendir á að leyfi eru veitt í annarlok svo fremi sem skólasókn er að öðru leyti góð.

**B. Önnur bréf:**

- Staðfesting á samþykkt skólameistara fyrir undanþágu í ensku til stúdentsprófs lögð fram til bókunar.
- Umsókn um undanþágu í stærðfræði til stúdentsprófs. Umsókninni er hafnað.
- Umsókn um undanþágu frá sex einingum í spænsku til stúdentsprófs.

Umsóknin er send til kennslustjóra í spænsku til umsagnar.

**Tveir nemendur segja sig frá námi:**

Birna Kolbrún Birgisdóttir, kt. 010793-2549

Bryndís Erla Róbertsdóttir, kt. 240295-3509

**2. Skólasókn**

Yfirlit skólasóknar lagt fram. (Fylgiskjal 1)

**3. Félagslíf og fjármál NFFG**

Félagslífið er í miklum blóma, skemmtikvöld tókst vel í gærkvöldi og á fimmtudagskvöld verður söngkeppni skólans haldin í Urðarbrunni. Opinn fundur verður n.k.miðvikudag þar sem nemendafélagið mun sýna kynningarmyndband um Imbruvíkuna, árhátíðina og söngleikinn. Miðasala á árhátíðina og söngleikinn hefst 21.febrúar. Lið skólans í Gettu betur keppir n.k. föstudag við lið Borgarholtsskóla. Keppnin fer fram í sjónvarpinu og sendir skólaráð keppendunum Einari, Oddnýju og Tómasi bestu óskir um gott gengi.

**4. Önnur mál**

Engin önnur mál

**Fundinn sátu:**

Agnes Alda Magnúsdóttir forseti NFFG fulltrúi nemenda

Anna Guðrún Hugadóttir námsráðgjafi

Elísabet Siemsen aðstoðarskólameistari og fundarritari

Sigurkarl Magnússon fulltrúi kennara

Tinna Ösp Arnardóttir félagsmálafulltrúi

Unnur Símonardóttir námsráðgjafi